



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**122. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 8. desember 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Ólafur Svavarsson, Helga Jóhannesdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ásgeir Sveinsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Andri Steinn Hilmarsson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Sævar Birgisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. RVK Skotvelli á Álfsnesi - 2303014

Framhald frá 121. fundi en þá var umræðum um þennan lið frestað. Á fundinum var lagt fram bréf borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 17. október 2023 þar sem óskað var eftir að svæðisskipulagsnefnd myndi stofna starfshóp í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, Ölfus og Voga, sem hefði það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar.

Fyrirliggjandi er tillaga formanns þar sem óskað eftir umboði frá nefndinni til að vinna áfram að málinu, þ.á.m. að vinna hagaðilagreiningu, ræða við fleiri sveitarfélög og aðra hagaðila og skoða raunhæfi þess að nefndin komi að skipan slíks starfshóps um málið og yrðu niðurstöður kynntar fyrir nefndinni þegar þær liggja fyrir.

Samþykkt

2. Hfj_breyting á vaxtamörkum - 2311008

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar dags. 22. nóvember 2023 þar sem tilkynnt er um afgreiðslu 3636. fundar bæjarráðs Hafnarfjarðar dags. 7. september 2023 um ofangreint og bókun fundarins: „Bæjarráð samþykkir að Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar undirbúi tillögu að útvíkkun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins með aukna íbúðabyggingu í Hafnarfirði að markmiði“.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að óska eftir kynningu frá skipulagsstjóra Hafnarfjarðar í upphafi næsta árs.

3. Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur - 2005005

Á 116. fundi svæðisskipulagsnefndar var samþykkt tillaga þess efnis að framlögð



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

útgáfa leiðbeininga yrði samþykkt sem vinnslutillaga og birt á heimasíðu Skipulagsstofnunar til athugasemda. Frestur til athugasemda var gefinn til loka október 2023. Tvær athugasemdir bárust frá Guðjóni L. Sigurðssyni dags. 23. ágúst 2023 og Herði Páli Steinarssyni dags. 31. október 2023.

Fyrirliggjandi er uppfærð tillaga SSH og Skipulagsstofnunar að leiðbeiningunum Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur dags. nóvember 2023 og minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 1. desember 2023 ásamt fylgigögnum.

Svæðisskipulagsnefnd staðfestir tillögu að leiðbeiningum dags. nóvember 2023 og felur svæðisskipulagsstjóra að senda tilkynningu þess efnis til aðildarsveitarfélaga til upplýsingar. Þá þakkar nefndin Skipulagsstofnun fyrir gott samstarf við gerð leiðbeininganna.

4. Græni stígurinn - fýsileikaskýrsla - 2301008

Á síðasta fundi var formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna áfram að frágangi ofangreinds í samræmi við umræður sem fram fóru á fundinum og leggja fyrir á næsta fund nefndarinnar. Á fundinum verður gerð grein fyrir samráði sem svæðisskipulagsstjóri hefur haft við Skógræktarfélag Íslands um mögulegt áframhald verkefnisins.

Þá er fyrirliggjandi til afgreiðslu skýrslan: Frumdrög að legu græna stígsins dags. 14. nóvember 2023 ásamt innsendum athugasemdum og umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 1. desember 2023.

Lagt er til að nefndin hvetji aðildarsveitarfélög til að innleiða legu græna stígsins í sínar skipulagsáætlanir, til samræmis við tillögur fýsileikaskýrslu og innsendar athugasemdir.

Samþykkt.

Formanni og svæðisskipulagsstjóra er falið að vinna áfram með Skógræktarfélagi Íslands að undirbúningi þess að merking og stikun græna stígsins geti átt sér stað, í samráði við hlutaðeigandi fagsvið sveitarfélaganna.

5. Uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar - 2202019

Formaður og svæðisskipulagsstjóri flytja munnlega skýrslu um ofangreint.

Umræður

6. HAF Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Straumsvíkurhöfn - 2309009

Fyrirliggjandi til kynningar er samantekt athugasemda og umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 27. nóvember 2023.

Lagt fram til kynningar

7. Fagráð SSH - fundargerðir - 2204005

Fyrirliggjandi til kynningar er:

Fundargerð 29. fundar fagráðs SSH dags. 5. september 2023.

Fundargerð 30. fundar fagráðs SSH dags. 10. október 2023



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundarðoger 31. fundar fagraðs SSH dags. 14. nóvember 2023.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.